




Rúri

Morgunblaðið/Emilla



„Tími.“ Frá sýningu í menningarmiðstöð Norðurlanda, Sveaborg. Ljósmyndir af húsarústum á gluggarúðum

kunningja okkar. Þar var meðal annarra Jón Gunnar Árnason. Við ákváðum að reyna að finna myndlistarmenn af Norðurlöndum sem voru að gera tilraunir í myndlist. Það var þá svo lítið samband á þessu sviði milli landanna. Þessi ákvörðun okkar varð að sýningu á Korpúlsstöðum árið 1980, þar sem 30 erlendir og um 15 íslenskir listamenn sýndu tilraunir sínar með umhverfisverk.

Frá þessari sýningu hefur verið

óbeint framhald í Helsinki, Malmö, Kaupmannahöfn, svo eitthvað sé nefnt. Þetta hafa allt verið útisýningar sem taka mið af ólíku umhverfi og því hefur alltaf verið notað ólíkt efni og form. Ein sýningin var haldin uppi í fjöllumum í Geilo í Noregi. Það var veturinn 1984 og þetta var snjó- og íssýning. Á einum stað í Danmörku var sýningin niðri við strönd, þar sem efnið var vatnið, sandurinn og hafið.

En þegar ég segi að framhald

hafi orðið á þessari sýningu hér, þá meina ég þessari tegund. En það er alltaf eitthvað nýtt á þessum sýningum, aldrei endurtekning. Það er ekki heldur sama fólkíð sem tekur þátt í þeim. Sá sem heldur sýninguna hverju sinni ákveður sjálfur hverjum hann býður. Upp á síðkastið hefur líka fólkíð utan Norðurlandanna verið boðið að taka þátt í þessum sýningum, svo þetta er ekki lengur eingrafið við Norðurlöndin.

Ég er mjög stolt af því að við skyldum vera fyrst til að gera þetta hér á Íslandi. Það er mjög ánægjulegt að þetta skyldi vera tekið til fyrirmyndar. Þróunin hefur líka orðið sú að ungir íslenskir listamenn taka orðið sífellt meiri þátt í farandsýningum á Norðurlöndum. Þetta varð til að opna fyrir samvinnu og samskipti milli þjóðanna og það er orðið miklu meira upplýsingastreymi milli þeirra.

Ég er síst að lasta eldri listamenn, en það er mjög uppörvandi fyrir unga listamenn að vita að aðrir eru að gera það sama og þeir annars staðar, þeir eru ekki eingrafið í sinni list. Það er mjög nauðsynlegt að hlúa að vaxtarbroddi í listsköpun. Það á við um allar listgreinar.

**Þú talar um umhverfisverk sem eru gerð úr því efni sem er á staðnum, eins og ís, snjó, sandi og vatni. Hver er tilgangurinn með þessum verkum sem eru dæmd til að eyðast?**

„Ja. Það eyðist allt einhvern tímann. Bara mishratt. Það er jafn nauðsynlegt að gera tilraunir í myndlist eins og í tækni og vísindum. Og þó að ekkert sé nýtt undir sólinni, þá á sér stað sífellt endurnýjun í hringrás náttúrunnar. Það sama gildir um menninguna og samfélagið. Hver einstaklingur er nýr, þótt manneskjan sem tegund sé ævafor.“

**Þú segist hafa haldið 25–30 „performansa.“ Oft hefur maður heyrt fólk tala um þá tegund listar sem „uppátæki“ eða eitthvað „óþægilegt.“ Hvers konar list er „performans“?**

„Performans er jafngamall manningum, því honum hafa alltaf fylgt athafnir. „Performans“ er athöfn. Í staðinn fyrir að mála á léreft, er verkið framkvæmt. Síðan lifir verkið augnablikið í minningu viðstaddra. Það er alveg eins, ja, segjum til dæmis gifting. Hún er jafn raunveruleg þótt hún hafi verið framkvæmd einu sinni. Hún lifir í hugum þeirra sem eru viðstaddir.

Upprunalega í fornum þjóðfélögum var hreyfingamál jafn mikilvægt og talað mál. „Performans“ er því jafngamalt manningum. Við getum líka sagt að messugjörð sé staðlaður „performans.“ svona formlega séð. Það sem myndlistarmenn hafa verið að gera, er að útfæra eigin verk í þessu formi. Það eru til óteljandi útgáfur og aðferðir við það.

Það sem aftur hefur getað valdið ótta eða ugg áhorfenda er þessi nálægð við uppsprettuna. Áhorfandinn stendur andspænis listamanningum. Það er enginn milliliður.“

**En hvers konar umhverfisverki eru að sýna hér á Kjarvalsstöðum?**

„Annað verkið eru ljósmyndir á gleri. Ljósmyndir af byggingum sem eru annaðhvort alveg komnar í rúst eða eru mjög niðurníddar. Myndirnar eru á rúðum úr gömlum húsum. Svo er ég með ýmsa muni úr þessum rústum. Þetta eru leyfar. Þessar rúðumyndir eru unnar þannig að ljósnæmum filmum r komið á rúðurnar og síðan framkallad á þær, eins og gert er við papp. Ég beiti hér ljósmyndataekninni. Upphaflega, um aldamótin, voru notaðar glerplötur í staðinn fyrir filmur við myndatökur. Að vísu var það önnur tækni og ekki möguleiki í þessu tilfalli að nota hana. Það er reyndar mjög erfitt að festa ljósnæma filmu á gler, en ég vildi hafa myndirnar gegnsejar og ekki prentaðar á glerið.

Síðan er ég með annað verk sem heitir „Safn.“ Það eru munir sem ég hef verið að sanka að mér um langt tímabil. Þetta eru svona menningarleyfar. Auk þess er ég með myndir og teikningar af umhverfisverkum sem ég hef gert í Kaupmannahöfn, Malmö og Helsinki og bók sem er einskona yfirlit yfir það sem ég hef verið að gera síðustu árin.“

Sýningin að Kjarvalsstöðum stendur til 11. október og er opin alla daga frá klukkan 14.00 til 22.00.

**Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir**

sem gefa svigrúm fyrir öðruvísi lagform. Það er því mikið pláss fyrir nýsköpun. Það má segja að þessi nýju sálmalög séu táknaðir fyrir þær breytingar sem eru að eiga sér stað innan kirkjunnar. Við höfum mikið af nýjum trúarhópum sem segja: „kirkjan er dauð,“ en með þessum nýju sálmalögum er kirkjan að koma með sinn nýja söng. Hún segir ekki sálmahefðinni stríð á hendur, heldur þróast þetta í beinu framhaldi af hefðinni. Á meðan aðrir, nýir trúarhópar, eru í upp-reisn gegn þeim kirkjusöng sem verið hefur og hafa poppað upp trúarsöngvana, farið út í svona amerískt „new wave.“ Það er mikil sefjun í þeirri tegund söngva og fólk ánetjast í gegnum þá.

Sálmalög hefur verið mjög breytilegur í gegnum aldirnar. Í því sambandi getum við bara athugað fyrirlestrana sem við Íslendingarnir verðum með. Fyrsti fyrirlesturinn verður á mánudagsmorguninn klukkan 10.00. Þar ræðir séra Sigurjón Guðjónsson um „Davíðshörpu frumkristinnar.“ Séra Sigurjón er einn fárra sem fengist hafa við sálmafræðina (hymnologíu) hér um

langan tíma. Hann talar um fyrsta sálmalög kristinna manna. Sálmalög (psalmsöngs) voru Davíðssálmur. Það er að segja hann fjallar um það hvernig þeir fyrstu kristnu menn sungu sálma.

Klukkan 11.00 sama dag flytur doktor Bjarni Sigurðsson, dósent, fyrirlestur sem hann nefnir „Lútherssálmur á Íslandi.“ Lúther fór út á götuna og spurði „hvað er fólkíð að syngja, sem gerir það svona kátt,“ því svo kom það í kirkjuna og sat þar steindautt. Hann ákvað að kirkjugestir ættu að vera þátttakendur. Hann flutti músíkina inn í kirkjun, batt hana við kristilegt efni. Í fyrirlestri sínum ætlar Bjarni að tala um nokkra valda Lútherssálmur.

Á mánudaginn, klukkan 13.00, verður ég svo með fyrirlestur sem ég kalla „Sálmalögin á Grallaratímanum.“ Grallaratíminn er sá tími þegar messu- og sálmalög Guðbrandar Þorlákssonar var allsráðandi, það er 17. og 18. öldin. Þetta var messusöngsbók með nótum og var prentuð fyrst árið 1594. Hún var endurútgefin aftur og aftur næstu tvær aldirnar, þar til í lok

18. aldar þegar 19. útgáfan birtist. Þetta er það skeið sem við köllum grallaratímann. Það er um leið fyrsta skeið safnaðarsálma á Íslandi, vegna þess að þeir komu með síðbótinni, með Lútherskunnunni.

Samtímis er þetta mesta hnignunarskeið íslenskrar sögu. Það sem ég fjalla um er sú þróun sem átti sér stað í músíkinni. Hér var hnignandi og versnandi menntun presta í tónmennt. Smátt og smátt, þegar enginn var til að leiða söfnuðinn í söngnum, fóru þessi lög sínar eigin leiðir og urðu að þjóðkvæðum. Það er mjög sérkennilegt að á þessum tíma einfaldaðist tónlistin hér, á meðan hún gerðist æ flóknari og fyrirferðarmeiri erlendis við Lútherskar kirkjur.

Þróstur Eiríksson, organisti, verður síðan með fyrsta fyrirlesturinn á þriðjudagsmorguninn klukkan 10.00. Hann fjallar um „Kóralbók- atímabilið“ og talar um 19. öldina, þegar miklar byltingar áttu sér stað og við tengdumst umheiminum í gegnum Danmörku. Byltingin fólst í því að jarða grallarasöngvana. Þetta danska kóralbókátímabilið 19. aldar nær reyndar næstum fram á

okkar daga. Það er fyrst núna sem við erum að brjóta það upp.

Klukkan 11.00 á þriðjudagsmorguninn fjallar svo séra Kristján Valur Ingólfsson um nútímann í fyrirlestri sem hann kallar „Fagníð þér himnar,“ sálmar og sálmapörf kirkjunnar. Hann spyr hvert við ætlum að fara. Persónulega hlakka ég mikið til að hlusta á hann, því hann hefur geysimikla þekkingu og yfirsýn.“

**En fyrir hverja er námsstefnan hugsuð. Á hún eitthvert erindi við almenning?**

„Námsstefnan er auðvitað fyrst og fremst hugsuð fyrir starfandi presta, en ef við göngum út frá því að kirkjan hafi einhverja þýðingu fyrir almenning, þá má segja að námsstefnan sé haldin til að við getum aflað okkur nýrra söngva fyrir kirkjuna. Þeir eiga síðan að geta endurlifgað sönginn í kirkjunum, sem hefur þau áhrif að fólk hefur meira gaman af að sækja sína kirkju. Það er því von okkar sem að námsstefnunni stöndum að allt áhugafólk um sálma og kirkjusöng sjái sér fært að sækja hana.“

**Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir**

## DAGSKRÁ:

**Sunnudagskvöldið 27./9.** Hallgrímskirkja kl. 17.00: Sálmalögskrá, sameiginlegur kvöldverður þátttakenda

**Mánudagur 28./9.** Norræna húsið 10.00 Fyrirlestur I — Davíðsharpa frumkristinnar, sr. Sigurjón Guðjónsson. 11.00 Fyrirlestur II — Lútherssálmur á Íslandi, dr. Bjarni Sigurðsson dósent. 12.00 Hádegishlé. (Hægt er að fá ódýran málsverð í veitingasal). 13.30 Fyrirlestur III — Sálmalögin á Grallaratíma, Hörður Áskelsson lektor. 14.30 Fyrirlestur IV — Norska sálmabókin nýja, Svein Ellingsen skáld. 16.00 Fyrirlestur V — Nýir sálmar í norsku sálmabókinni Umræður. 18.00 Háskólakapella — Vesper.

**Þriðjudagur 29./9.** Norræna húsið: 10.00 Fyrirlestur VI — Kóralbókátímabilið, Þróstur Eiríksson organisti. 11.00 Fyrirlestur VII — „Fagníð þér himnar“, sálmapörf kirkjunnar, sr. Kristján Valur Ingólfsson. 13.30 Fyrirlestur VIII — Helgikvæði frá miðöldum, Geisli og Lilja, Knut Ódegarð. 14.30 Fyrirlestur IX — Svein Ellingsen og Trond Kverno tala um sálmafvæðskap samtímans. 16.00 Fyrirlestur X — Umræður og sálmalög með norsku gestunum. 18.00 Háskólakapella — Vesper.